



Persónuverndarstefna Landsbankans

Skjal nr. 201806-0817-4 | Samþykkt í febrúar 2023 | Endurskoðun 2025 | Rekstraráhættunefnd

Persónuverndarstefna Landsbankans

I. Til hverra nær persónuverndarstefnan

Landsbankinn leggur ríka áherslu á persónuvernd viðskiptavina sinna og þeirra sem eiga samskipti við bankann í þeim tilgangi að standa vörð um mannréttindi og friðhelgi einkalífs þeirra. Í stefnunni getur þú m.a. lesið um hvaða upplýsingum bankinn safnar um þig, hvernig þær eru notaðar, hvernig öryggi þeirra er tryggt og hvaða réttindi persónuverndarlög veita þér.

Stefna þessi nær til vinnslu persónuupplýsinga í allri starfsemi bankans og allra einstaklinga sem eru í viðskiptum, m.a. fyrirverandi, núverandi og verðandi viðskiptavina bankans ásamt aðila sem eru tengdir viðskiptavini, s.s. fjölskyldumeðlima auk ábyrgðamanna og umboðshafa. Stefnan nær einnig til annarra einstaklinga en viðskiptavina, t.d. þeirra sem eiga samskipti við bankann, heimsækja starfsstöðvar eða vef bankans, sækja um styrk eða taka þátt í viðburðum á vegum bankans.

Stefnan gildir ekki um starfsemi lögaðila, hvorki tengdra félaga né dótturfélaga Landsbankans. Þó getur bankanum verið nauðsynleg að vinna upplýsingar um tiltekna einstaklinga sem tengjast lögaðilum í viðskiptum við bankann eins og raunverulega eigendur, stjórnarmeðlimi, framkvæmdastjórn, prókúruhafa og eftir atvikum starfsfólk lögaðila.

Vakin er athygli á að sérhæfðari fræðsla um meðferð upplýsinga þinna getur verið veitt í almennum viðskiptaskilmálum Landsbankans, sérskilmálum eða með tilfallandi upplýsingagjöf í tengslum við ákveðna vöru eða þjónustuleið.

II. Tegundir persónuupplýsinga sem er safnað

Söfnun og vinnsla persónuupplýsinga er forsenda þess að bankinn geti veitt þér eða fyrirtækjum, sem þú starfar fyrir eða hefur aðkomu að, þá fjármálaþjónustu sem óskað hefur verið eftir. Dæmi um persónuupplýsingar sem þú afhendir eru:

- » *Grunnupplýsingar:* Nafn, kennitala, heimilisfang, símanúmer, netfang, nafn vinnuveitanda og aðrar grunnupplýsingar eftir atvikum um ríkisfang, hjúskaparstöðu, maka, börn, forsjá og tengda aðila eins og lögráðamann, umboðshafa eða ábyrgðarmann.
- » *Samskipta- og samningsupplýsingar:* Öll samskipti þín við bankann sem m.a. fara fram með tölvupósti, símtali, netspjalli eða á samfélagsmiðlum. Sömmuleiðis vinnur bankinn allar upplýsingar sem leiða af eða eru afhentar í tengslum við samninga milli þín og bankans, t.d. um einstaka vörur eða þjónustu.
- » *Upplýsingar um auðkenni:* Hvers konar afrit af lögbundnum eða rafrænum skilríkjum, þ.m.t. afrit af vegabréfi eða ökuskríteini, hvernig þú auðkennir þig og eftir hvaða leiðum. Einnig upplýsingar um tíma og dagsetningu heimsóknar í útibú bankans ef þú kýst að skrá kennitölu þína við komuna.
- » *Fjárhagsupplýsingar:* Allar upplýsingar sem tengjast núverandi og fyrirverandi viðskiptum og viðskiptasögu, m.a. um stöðu og tegund reikninga, veltu, uppruna fjármagns, hreyfingayfirlit og upplýsingar um greiðslukort, greiðslusögu, þ.m.t. vanskil, og greiðslufyrirmæli ásamt upplýsingum um tekjur, útgjöld, fjárhagslegar skuldbindingar og eigna- og skuldastöðu.
- » *Upplýsingar sem safnast við rafræna vöktun:* Hljóðritun rafrænna samskipta og myndbandsupptökur sem verða til með notkun öryggismyndavéla á starfsstöðvum bankans og við hraðbanka.
- » *Tæknilegar upplýsingar og afleiddar upplýsingar um hegðun og notkun:* Um búnað og tæki sem þú notar til að tengjast vef bankans, netbönkum og appi eins og notandanafn, kjörstillingar, IP-tala, tegund, númer og stillingar snjalltækis, stýrikerfi og tegund vafra, tungumálastillingar, hvernig þú tengist okkur, hvaðan og hvaða aðgerðir þú framkvæmir.
- » *Opinberar upplýsingar:* Úr opinberum skrá, t.d. þjóðskrá, fasteignaskrá, ökutækjaskrá, hlutafélagaskrá, *Lögbirtingablaðinu* og öðrum opinberum skrá.
- » *Viðkvæmar persónuupplýsingar:* Eftir atvikum um þjóðernislegan uppruna, stjórnmalaskoðanir, trúarbrögð og lífsskoðun, aðild að stéttarfélagi, heilsufarsupplýsingar og lífkennaupplýsingar.
- » *Aðrar upplýsingar:* Framangreind upptalning er ekki tæmandi og bankinn getur unnið aðrar upplýsingar um þig sem eru nauðsynlegar hverju sinni eftir eðli viðskiptasambandsins eða samskipta þinna við bankann.

Í undantekningartilvikum er bankanum nauðsynlegt að safna upplýsingum sem flokkast sem viðkvæmar persónuupplýsingar. Í öðrum tilvikum hefur safn fjárhagsupplýsinga, s.s. færsluyfirlit vegna greiðslukorta eða notkun veltureiknings, að geyma viðkvæmar persónuupplýsingar sem gætu gefið til kynna ákveðna hegðun. Við hvorki söfnum viðkvæmum upplýsingum um þig né vinnum þær án skýrrar heimildar og þegar nauðsyn krefur.

Kjósir þú að afhenda ekki nauðsynlegar upplýsingar getur það leitt til þess að ekki er unnt að veita þá þjónustu sem óskað er eftir.

Vinnsla persónuupplýsinga um börn

Vinnsla persónuupplýsinga um börn fer fram ef hún er nauðsynleg til að framkvæma umbeðin viðskipti eða veita þjónustu til ólögráða einstaklinga, t.d. vegna stofnunar greiðslureiknings og útgáfu greiðslukorts. Samþykki forsjáraðila er aflað hafi barn ekki náð 13 ára aldri, t.d. ef barni er boðin rafræn þjónusta yfir netið í samræmi við persónuverndarlög. Foreldrar eða forsjáraðilar hafa umsjón með fjármálum ólögráða barna sinna og fá lesaðgang að innlánsreikningum þeirra. Nánari upplýsingar um vinnslu persónuupplýsinga um börn má finna á www.landsbankinn.is/thjonusta-og-radgjof/ungafolkid. Allt markaðsefni, þ.m.t. gjafir, tilkynningar og fríðindi sem sniðið er að börnum, er sent forsjáraðilum og eftir atvikum börnum. Hægt er að afþakka slíkt markaðssetningarefni og gjafir í netbanka Landsbankans eða í réttindagátt bankans.

III. Hvernig eru persónuupplýsingar notaðar í starfsemi bankans

Landsbankinn vinnur persónuupplýsingar í skýrum og yfirlýstum tilgangi í samræmi við persónuverndarlög, reglur bankans og stefnu þessa. Tilgangur bankans með vinnslu persónuupplýsinga er margvíslegur, m.a. svo unnt sé að:

- » *Hafa samband við þig, auðkenna þig og tryggja öryggi og áreiðanleika í viðskiptum*, m.a. með rafrænni auðkenningu og áreiðanleikakönnun á viðskiptavinum eða vegna einstakra viðskipta.
- » *Framkvæma umbeðin viðskipti, veita þér þá fjármálaþjónustu og -ráðgjöf og svara fyrirspurnum*, t.d. stofna og viðhalda viðskiptasambandi, framkvæma greiðslu- og lánshæfismat og ákveða sjálfsafgreiðsluheimildir, meta útlánaáhættu og koma í veg fyrir skuldsetningu umfram greiðslugetu, greina stöðu þína með hliðsjón af vöru- og þjónustuframboði bankans svo unnt sé að veita þér ráðgjöf, m.a. um eignastýringu, lífeyrissparnað eða aðra þjónustu, taka á móti umsóknum og greiða út lífeyrissparnað.
- » *Í öryggis- og eignavörsluskyni* til að vernda viðskiptavini, starfsfólk og aðra sem eiga erindi við bankann, tryggja rekjanleika viðskipta, m.a. með rafrænni vöktun og rannsaka mál eða koma í veg fyrir peningapvætti, fjármögnun hryðjuverka, fjársvik og aðra refsiverða háttsemi.
- » *Þróa vöru- og þjónustuframboð* bankans, efla nýsköpun og þjónustustig, bæta virkni og framkvæma gæðaeftirlit, bregðast við ábendingum eða kvörtunum og vinna svör þín úr markaðs- og/eða þjónustukönnunum.
- » *Stunda markaðs- og kynningarstarf* og veita þér persónubundna og sérsniðna þjónustu, senda þér skilaboð um fríðindi og efni sem kunna að vekja áhuga þinn eða þú hefur óskað eftir. Vakin er athygli á því að ljós- og myndbandsupptökur fara fram á ráðstefnum, kynningum og öðrum viðburðum bankans sem eftir atvikum birtast opinberlega á vefsvæðum bankans, þ.m.t. samfélagsmiðlum.
- » *Þróa lausnir og skýrslur í þágu útlána- og áhættustýringar*, m.a. til að mæla og hafa eftirlit með útlánaáhættu, rekstraráhættu, markaðsáhættu, tryggingaráhættu og í þágu fjárstýringar bankans, m.a. með vöktun aðila sem er ábyrgur fyrir greiðslu kröfu, t.d. viðskiptavinar eða ábyrgðarmanns.
- » *Reka vefsvæði og vefþjónustur bankans*, viðhalda þeim og bæta notendaupplifun á vefnum, gera þér kleift að nálgast fjárhagsupplýsingar og sinna bankaviðskiptum rafrænt, m.a. í Landsbankaappinu og í netbönkum, og eftir atvikum öðrum veflausnum bankans.
- » *Bregðast við lögfræðilegum beiðnum* og tryggja *net- og upplýsingaöryggi*, m.a. með því að greina, rannsaka og koma í veg fyrir fjársvik og annars konar misferli.
- » *Framkvæma tölfræðilega greiningu* á tilteknum vörum, þjónustu- eða boðleiðum, afgreiðslu eða einstökum þáttum í starfsemi bankans. Slík tölfræðigreining er unnin á ópersónugreinanleg hátt ef mögulegt er.

Heimildir til vinnslu persónuupplýsinga

Að langmestu leyti grundvallast söfnun og önnur vinnsla persónuupplýsinga um þig hjá bankanum á *samningi* milli þín og bankans um tiltekna þjónustu svo hægt sé að veita þá fjármálaþjónustu sem óskað er eftir eða til að *fullnægja lagaskyldu* sem hvílir á bankanum sem eftirlitsskyldum aðila á fjármálamarkaði. Í ákveðnum tilvikum óskar bankinn eftir *upplýstu samþykki* þínu fyrir vinnslu persónuupplýsinga. Í þeim tilvikum getur þú hvenær sem er dregið veitt samþykki til baka og er þá þeirri vinnslu sem samþykkið nær til hætt. Vinnsla persónuupplýsinga í eftirtöldum vörum eða þjónustuleiðum fer fram á grundvelli samþykkis:

- 360° fjármálaráðgjöf

- Notkun netbanka Landsbankans og Landsbankaappsins
- Umboð til öflunar og vinnslu upplýsinga um fjárhag einstaklinga
- Tímapöntun fyrir fjárfund
- Styrkumsóknir, leikir og happdrætti á vegum bankans
- Afgreiðsla beiðna um réttindi þín í réttindagátt bankans og annarra beiðna
- Önnur tilfallandi vinnsla

Loks geta upplýsingar þínar verið unnar vegna þess að bankinn, þú eða þriðji aðili hefur *lögmeta hagsmuni* af því að upplýsingar séu unnar. Slík vinnsla fer ekki fram ef ljóst er að hagsmunir þínir veða þyngra en hagsmunir bankans eða þriðja aðila af því að vinnslan fari fram. Eftirfarandi vinnsluáðgerðir fara fram á grundvelli lögmætra hagsmuna:

- Vinnsla grunnupplýsinga úr þjóðskrá
- Ákvörðun um vildarþjónustu fyrir viðskiptavinum og varðveisla viðskiptasögu fyrirverandi viðskiptavina
- Flokkun og eftirlit með útlánnum
- Þróun og prófun á nýjum vörum og þjónustuleiðum
- Vinnsla í þágu markaðssetningar, m.a. með markaðs- og markhópagreiningu
- Vinnsla í þágu net- og upplýsingaöryggis
- Önnur tilfallandi vinnsla

Sjálfvirk ákvarðanataka

Í ákveðnum tilvikum útbýr bankinn *persónusnið* um þig með sjálfvirkri vinnslu persónuupplýsinga þinna, t.d. til að meta eða spá fyrir um ákveðna þætti er varða hagi þína, eins og þróun fjárhagsstöðu eða líkur á vanskilum. Dæmi um persónusnið er útreikningur bankans á lánshæfiseinkunn. Persónusnið getur einnig verið unnið í þágu markaðssetningar, t.d. þegar ákveðið er hvaða vildarþjónusta hentar þér, og vegna net- og upplýsingaöryggis, t.d. með mynsturgreiningu í netbanka til að hámarka öryggi í netbanka og appi Landsbankans.

Persónusnið getur einnig verið liður í *sjálfvirkri ákvörðunartöku* sem þig varðar en hún fer þannig fram að hugbúnaður vinnur persónuupplýsingar um þig á sjálfvirkan hátt og tekur ákvörðun sem hefur áhrif á hagsmuni þína, án þess að mannshönd eða -hugur komi að henni. Dæmi um slíka sjálfvirka ákvarðanatöku er útreikningur lánaramma sem afmarkar hversu háa fyrirgreiðslu þú getur óskað eftir í sjálfsafgreiðslu.

Sjálfvirk ákvarðanataka sem hefur bein áhrif á hagsmuni þína fer einungis fram með samþykki þínu, ef hún er forsenda þess að unnt sé að gera eða framkvæma samning milli þín og bankans eða ef lög heimila sérstaklega. Þú getur komið á framfæri athugasemdum eða vefengt sjálfvirka ákvörðun með því að senda tölvupóst á personuvernd@landsbankinn.is.

IV. Hvaðan fær bankinn upplýsingar og hverjum eru þær afhentar

Framangreindar persónuupplýsingar sem bankinn býr yfir *berast yfirleitt beint frá þér* þegar þú stofnar til viðskipta, sækir um eða notar tiltekna vöru eða þjónustuleið eða hefur samband við bankann, t.d. með tölvupósti, netspjalli eða öðrum þjónustuleiðum bankans.

Upplýsingar um þig geta einnig *borist frá utanaðkomandi aðilum*, m.a. samstarfsaðilum bankans eins og kortaútgefendum, greiðslumiðlunarþjónustum eða opinberum aðilum. Jafnframt geta borist upplýsingar um þig frá ótengdum aðilum eins og fjárhagsupplýsingastofum, tolla- og skattayfirvöldum eða úr opinberum skráum. Utanaðkomandi aðilum er óheimilt að afhenda bankanum upplýsingar um þig nema hafa til þess heimild, t.d. samþykki þitt eða heimild í lögum.

Bankanum kann að vera nauðsynlegt að afhenda persónuupplýsingar þínar til annarra. Forsjáraðilar fá lesaðgang að reikningum ólöggráða barna sinna. Innlendir eða erlendir samstarfs- og/eða þjónustuaðilar bankans fá einnig aðgang að upplýsingum svo unnt sé að veita þér tiltekna þjónustu. Bankinn velur samstarfs- og þjónustuaðila af kostgæfni og afhendir ekki persónuupplýsingar nema þeir geti staðist öryggiskröfur bankans. Dæmi um samstarfsaðila eru erlendir viðskiptabankar sem fá upplýsingar í tilefni af erlendum greiðslum og uppgjöri þeirra; samstarfsaðilar við greiðslumiðlun og kortaútgáfu og innheimtu vanskilakrafna; rekstrar- og hýsingaraðilar upplýsingakerfa; fjárhagsupplýsingastofur og vörsluaðilar fjármálagerninga.

Í vissum tilvikum er bankanum skylt að afhenda persónuupplýsingar til löggæsluyfirvalda, stjórnvalda eða annarra eftirlitsaðila innanlands og utan á grundvelli lagaskyldu eða alþjóðasamninga. Bankanum er umhugað um að tryggja mannréttindi viðskiptavina sinna, þ.m.t. rétt til friðhelgi einkalífs og persónuverndar, og afgreiðir slíkar beiðnir í samræmi við skjalfest verklag svo ekki séu afhentar umfangsmeiri upplýsingar en eru nauðsynlegar hverju sinni og einungis ef fyrir liggur skýr heimild til afhendingarinnar.

Afhending til utanaðkomandi aðila getur einnig farið fram með samþykki þínu, t.d. ef þú óskar eftir að bankinn afhendi fjártækniyfyrirtæki eða öðrum aðila greiðsluupplýsingar þínar eða veitir öðrum umboð til að fá aðgang að

fjárhagsupplýsingum þínum. Jafnframt getur þú veitt bankanum heimild til að afhenda annars konar upplýsingar eins og nafn, netfang eða símanúmer þitt til samstarfsaðila í þágu markaðssetningar.

V. Réttindi þín

Persónuverndarlög veita þér ákveðin réttindi, m.a. til fræðslu og upplýsinga um það hvort bankinn vinni persónuupplýsingar um þig og hvernig meðferð þeirra er háttað í starfsemi bankans. Þú getur á einfaldan hátt gætt réttinda þinni í svokallaðri [réttindagátt viðskiptavina](#) á vef bankans þar sem unnt er að óska eftir:

» *Aðgangi að eigin persónuupplýsingum*

Þú átt rétt á staðfestingu frá bankanum um það hvort unnið sé með persónuupplýsingar þínar og ef svo er til aðgangs að þeim persónuupplýsingum. Þá áttu jafnframt rétt á ákveðnum lágmarksupplýsingum um tilhögun vinnslu sem m.a. eru veittar í stefnu þessari.

» *Flutningi persónuupplýsinga*

Þú getur óskað eftir að tiltekna persónuupplýsingar sem þú hefur látið bankanum í té verði fluttar til annars ábyrgðaraðila ef það er tæknilega framkvæmanlegt, eða beint til þín. Einungis er um að ræða persónuupplýsingar sem bankinn hefur aflað á grundvelli samþykkis þíns eða vegna framkvæmdar samnings og eru unnar með sjálfvirkum hætti.

» *Leiðréttingu eða eyðingu persónuupplýsinga*

Þú getur hvenær sem er óskað eftir að rangar eða óáreiðanlegar persónuupplýsingar um þig verði leiðréttar. Í ákveðnum tilvikum átt þú jafnframt rétt á að tilteknum persónuupplýsingum um þig sé eytt.

» *Takmörkun eða andmæla vinnslu persónuupplýsinga*

Þú getur ávallt andmælt vinnslu persónuupplýsinga, þ.m.t. gerð persónusniðs, sem fer fram í þágu beinnar markaðssetningar og afþakkað kynningarefni um fríðindi, vörur og þjónustu bankans í netbanka, Landsbankaappinu eða í réttindagátt bankans. Einnig getur þú andmælt vinnslu persónuupplýsinga vegna sérstakra aðstæðna þinna. Loks getur þú í ákveðnum tilvikum farið fram á að vinnsla persónuupplýsinga þinna sé takmörkuð tímabundið.

Bankinn verður við beiðnum er varða ofangreind réttindi þér að kostnaðarlausu nema beiðni sé tilefnislaus, óhófleg eða ef farið er fram á afhendingu fleiri en eins afrits af persónuupplýsingum. Nauðsynlegt er fyrir einstaklinga að sanna á sér deili þegar þeir óska eftir að neyta réttinda sinna. Nánari upplýsingar um réttindi þín er að finna í réttindagátt bankans.

Þú átt einnig rétt á að kvarta til Persónuverndar komi upp ágreiningur um meðferð persónuupplýsinga þinna hjá bankanum. Við vonum samt að þú leitir fyrst til okkar með mál sem tengjast persónuvernd svo við getum aðstoðað þig. Kjósir þú að snúa þér beint til Persónuverndar getur þú sent tölvupóst á netfangið postur@personuvernd.is.

VI. Öryggi persónuupplýsinga

Persónuupplýsingar þínar eru varðveittar í öruggu umhverfi sem ver upplýsingarnar fyrir óheimilum aðgangi, misnotkun eða miðlun. Bankinn er með vottað stjórnkerfi upplýsingaöryggis samkvæmt ÍST ISO/IEC 27001:2013 upplýsingaöryggisstaðlinum og hefur jafnframt sett sér stefnu og reglur um upplýsingaöryggi, öryggisverkferla og innleitt viðeigandi skipulagslegar og tæknilegar öryggisráðstafanir í samræmi við lög og reglur til að tryggja net- og upplýsingaöryggi.

Landsbankinn viðhefur einnig rafrænt eftirlit með innra og ytra umhverfi bankans í þeim tilgangi að tryggja öryggi og rekjanleika í viðskiptum og til að koma í veg fyrir svik og misferli. Rafræn vöktun fer fram með eftirlitsmyndavélum á starfsstöðvum bankans ásamt því sem símtöl og önnur rafræn samskipti eru hljóðrituð. Strangar aðgangstakmarkanir gilda um aðgang að efni sem safnast við rafrænt eftirlit og það er eingöngu skoðað ef upp kemur ágreiningur milli bankans og viðskiptavinar, grunur um refsiverða háttsemi eða í þágu innra eftirlits.

Vörur og þjónustuframboð bankans eru hönnuð með öryggi og persónuvernd þína í huga. Bankinn metur reglulega áhættu af vinnslu persónuupplýsinga í starfseminni í þeim tilgangi að velja viðeigandi öryggisráðstafanir og tryggja sem best persónuvernd viðskiptavina. Jafnframt stuðlar bankinn að virkri öryggisvitund starfsfólks og útbýr fræðsluefni samkvæmt persónuverndarlögum um meðferð og öryggi persónuupplýsinga. Þagnarskylda hvílir á öllu starfsfólki bankans samkvæmt reglum bankans og lögum um fjármálafyrirtæki. Engin þjónusta eða hugbúnaður er þó fullkomlega örugg. Hafðu samband við bankann við fyrsta tækifæri ef þú hefur áhyggjur af því að persónuupplýsingar þínar séu í hættu eða telur að einhver hafi komist yfir lykilorðið þitt eða aðrar upplýsingar með því að senda tölvupóst á personuvernd@landsbankinn.is. Ef upp kemur öryggisbrestur hjá bankanum eða vinnsluáðilum bankans sem hefur áhrif á þig mun bankinn upplýsa þig um slíkt eins og lög gera ráð fyrir.

VII. Vefkökur

Vefsíða, netbanki og app bankans (sameiginlega nefnd vefsvæði) vista vefkökur í tölvu eða á snjalltæki þínu. Vefkökur eru litlar textaskrár sem geyma upplýsingar til að greina notkun á vefsvæðum bankans og bæta upplifun notenda. Vefkökur eru einnig notaðar til að sníða vefsvæðið að þínum þörfum, t.d. til að stuðla að virkni síðunnar, vista stillingar þínar, vinna tölfraðilegar upplýsingar, greina umferð um vefsvæðin og eftir atvikum í markaðslegum tilgangi.

Vefsvæði bankans vinnur með ólíkar tegundir af vefkökum á vefsvæðum bankans. Svokallaðar setukökur (e. session cookies) eyðast almennt þegar notandi fer af vefsvæðinu. Viðvarandi kökur vistast aftur á móti á tölvu notanda eða tæki og geyma aðgerðir þínar eða val á vefsvæðum bankans. Þá eru vefkökur annað hvort fyrstu aðila kökur eða þriðju aðila kökur en það ræðst af eðli vefsvæðis. Þegar vefsíða bankans er skoðuð í fyrsta skipti birtist borði þar sem þú ert beðinn um að samþykkja valfrjálsar vefkökur sem síðan notast við. Þú getur hvenær sem er afturkallað samþykki með því að breyta vefkökustillingum í borðanum eða í vafranum þínum.

Nauðsynlegar vefkökur eins og tölfraðikökur og virknikökur virkja eiginleika á vefsvæðum bankans sem eru forsenda fyrir notkun vefsvæða bankans svo hægt sé að nota þau eins og til er ætlast. Notkun þeirra grundvallast á lögmætum hagsmunum bankans.

Aðrar vefkökur sem ekki eru forsenda fyrir notkun vefsvæða bankans byggja á samþykki þínu. Þær gegna oft mikilvægu hlutverki fyrir notkun og virkni vefsvæða þar sem þær auðvelda notkun, t.d. með því að forútfylla form og eyðublöð og muna stillingar. Fyrstu aðila vefkökur senda eingöngu upplýsingar um þig til Landsbankans.

Vefkökur frá þriðju aðila eru einnig notaðar á vefsvæðum bankans, t.d. greiningar- og auglýsingakökur frá Facebook og Google. Þessir þriðju aðilar geta komið vefkökum fyrir í vafra eða tæki og nálgast upplýsingar um heimsóknir á vefsvæðin. Landsbankinn vinnur eftirfarandi upplýsingum úr þessum vefkökum:

- » Fjöldi gesta, fjöldi heimsókna frá gestum, dags- og tímasetningu heimsóknar.
- » Hvaða síður innan vefsvæða eru skoðaðar og hversu oft.
- » Tegund skráa sem eru sóttar af vefsvæðunum.
- » Hvaða tæki, stýrikerfi eða tegund vafra er notað til skoðunarinnar.
- » Hvaða leitarorð úr leitarvélum vísa á vefsvæðin.

Nánari lýsingu á vefkökum, m.a. hvaða vefkökur frá þriðju aðilum bankinn notar, má finna á vefsíðu bankans. Einnig má nálgast nánari upplýsingar um hvernig þriðju aðilar nota vefkökur á vefsíðum viðkomandi aðila.

VIII. Hversu lengi varðveitir bankinn upplýsingar

Almennt geymir bankinn persónuupplýsingar þínar á meðan viðskiptasamband er í gildi milli þín og bankans, eins lengi og lög kveða á um eða lögmætir hagsmunir bankans krefjast. Strangt regluverk gildir um starfsemi bankans sem leiðir til þess að mismunandi varðveislutími getur átt við eftir tegund og eðli persónuupplýsinga þinna. Bankinn er afhendingarskyldur aðili samkvæmt lögum um opinber skjalasöfn. Af þeirri ástæðu er bankanum skylt að varðveita öll skjöl í skjalasafni bankans og afhenda þau opinberu skjalasafni þegar skjölin hafa náð 30 ára aldri. Bankinn leitast við að varðveita ekki upplýsingar á persónugreinanlegu formi lengur en nauðsynlegt er og tryggir öryggi upplýsinganna í hvívetna.

Tölvupóstar og annars konar rafræn samskipti eru varðveitt í fimm ár. Hljóðupptökur símtala og myndefni sem safnast við rafræna vöktun er ekki varðveitt lengur en lög og reglur Persónuverndar um rafræna vöktun heimila og eyðist sjálfkrafa að varðveislutíma liðnum. Hljóðritun símtala er varða verðbréfavíðskipti er varðveitt í 5 ár samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti. Strangar aðgangstakmarkanir gilda um aðgang að efni sem safnast við rafræna vöktun en Regluvarsla bankans kann að hlusta á símtalsupptökur í eftirliti sínu, m.a. í eftirliti með framkvæmd viðskipta með fjármálagerninga.

Í sérlægum er einnig kveðið á um varðveisluskyldu tiltekinna upplýsinga eins og bókhaldsgagna, persónuskilríkja og annarra upplýsinga sem lög um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka gera kröfu um.

IX. Hvernig hef ég samband

Landsbankinn hf., Reykjastræti 6, 101 Reykjavík, ber ábyrgð á að öll meðferð persónuupplýsinga þinna samræmist persónuverndarlögum og reglum og telst ábyrgðaraðili að vinnslu persónuupplýsinga þinna.

Persónuverndarfulltrúi Landsbankans hefur eftirlit með því að farið sé eftir stefnu þessari og gildandi lögum og reglum um persónuvernd í starfsemi bankans. Þú getur beint fyrirspurnum, athugasemdum og ábendingum sem varða vinnslu og meðferð persónuupplýsinga til persónuverndarfulltrúa bankans á netfangið personuvernd@landsbankinn.is.

Bankinn áskilur sér rétt til að uppfæra stefnu þessa með reglubundnum hætti. Bankinn mun upplýsa þig um meiriháttar breytingar á stefnunni áður en þær taka gildi við birtingu á vef bankans www.landsbankinn.is.

Fyrst samþykkt, 15. júní 2018

Síðast breytt 1. febrúar 2023